

---

## SKJÓLGARÐUR MEÐ VIÐLEGU Á AUSTURSVÆÐI GRUNDARTANGAHAFNAR Ákvörðun um matsskyldu

---

### Inngangur

Þann 15. júlí 2016 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Faxaflóahöfnum sf. um fyrirhugaðan skjólgarð með viðlegu í Grundartangahöfn í Hvalfjarðarsveit, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hvalfjarðarsveitar, Hafrannsóknarstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Minjastofnunar, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar.

### Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Skjólgarður með viðlegu á austursvæði Grundartangahafnar í Hvalfjarðarsveit. Faxaflóahafnir og Mannvit, júlí 2016.

Umsagnir bárust frá:

- Hvalfjarðarsveit með bréfum dags. 18. ágúst og 14. september 2016.
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 29. ágúst 2016
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 9. ágúst 2016.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 11. ágúst 2016.
- Samgöngustofu með bréfi dags. 5. ágúst 2016.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 16. ágúst 2016.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 29. ágúst, 9. og 14. september 2016.

### Fyrirhuguð framkvæmd

Fram kemur að Silicor Materials hyggst setja upp sólar kísilverksmiðju á austursvæði Grundartanga. Samfara þeirri uppbyggingu þurfi að byggja upp skjólgarð með viðlegu. Mannvirkjunum er fyrst og fremst ætlað að auðvelda löndun og lestun fljótandi fljótandi hráefna sem verksmiðjan ráðgerir að nota í framleiðslu sinni.

Fram kemur að fyrirhugað er að byggja um 460 m langan skjólgarð sem muni liggja frá fyrirhuguðu vegstæði og út í sjó. Meginhlutverk garðsins er að veita fyrirhugaðri viðlegu skjól fyrir öldugangi og ná landtengingu fyrir mannvirkin. Á garðinum verði lagðar lagnir að lóð Silicor. Meðfram hluta vesturgarðs verði byggð viðlega, bryggja, sem verði um 12-15 m á breidd og 24 m á lengd. Ekki er endanlega ljóst hvernig gerðar bryggjan verði en líklega verði hún byggð úr harðvið. Samfara því að útbúin verði viðlega, þarf að dýpka innan bryggju. Viðlegan og um 40 m breið siglingarrenna verði dýpkaðar niður á -6,5 m dýpi. Dýpka þarf um 2,5 m og sé allt dýpkunarefnið sandur og silt og magn þess efnis áætlað um 20.000 m<sup>3</sup>. Allt dýpkunarefni verði nýtt á nálægu landfyllingarsvæði. Öll mannvirki eru innan hafnarsvæðis eins og það er afmarkað í skipulagsáætlunum svæðisins. Einnig þurfi að fjarlægja um 5.900 m<sup>3</sup> á landi en það efni sé einkum lífrænn jarðvegur sem verði nýttur í jarðvegsmanir við þjóðveg.



## Efnisþörf

Í gögnum Faxaflóahafna kemur fram að gert sé ráð fyrir að efni í garðana verði fengið úr landmótunarsvæði Faxaflóahafna sem er innan deiliskipulags vestursvæðis Grundartangahafnar, alls um 68.000 m<sup>3</sup>. Allt efnið verði fengið úr lóðum nr. 16 og 17 við Katanesveg en samhliða framkvæmdinni við skjólgarðinn er unnið að því að koma lóðunum í rétta hæð fyrir úthlutun.

## Umhverfisáhrif

Í greinargerð Faxaflóahafna er fjallað um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á helstu umhverfisþætti.

**Landnotkun.** Heilbrigðiseftirlit Vesturlands bendir á að ekki sé fjallað um framtíð fráveitumála innan hafnarsvæðisins en gera þurfi grein fyrir hvort framkvæmdin muni hafa áhrif á þau áform.

Í svörum Faxaflóahafna kemur fram að á garðinum og á bryggjunni verði hefðbundnar regnvatnslagnir en þar verði ekki fráveitukerfi skólps. Fyrirhugaður skjólgarður muni ekki hafa nein áhrif á fráveitu innan hafnarsvæðis, enda gert ráð fyrir honum í deiliskipulagi og við hönnun mannvirkja.

**Sjávarlíf.** Fram kemur að á 8. og 9. áratug síðustu aldar hafi lífríki botns og fjöru í Hvalfirði verið athugað. Eitt fjörusnið í þeirri rannsókn er innan þess svæðis þar sem fyrirhugað er að útbúa landfyllingu. Á því svæði sé grýtt fjara. Nokkrar algengar fjörutegundir var að finna á sniðinu en rannsóknirnar gáfu ekki sérstaklega til kynna að um væri að ræða lífríki sem hefði sérstöðu og bæri að vernda. Sýni var tekið nálægt þeim stað þar sem framkvæmdin sé fyrirhuguð. Á þeim stað hafi tegundafjöldi verið í meðallagi og fjöldi einstaklinga á flatareiningu í lægri kantinum. Fyrirhuguð framkvæmd muni leiða til röskunar á sjávarbotni, fjöru og botndýralífríki og þar með neikvæðra áhrifa. Engin verndarákvæði eigi við um svæðið sem staðsett sé innan skilgreinds hafnarsvæðis.

**Mennigarmínjar.** Fram kemur að einn minjastaður sé skráður nálægt fyrirhuguðum skjólgarði. Um er að ræða leifar af ferjubryggju sem byggð var við Katanes 1946/47. Faxaflóahafnir munu láta mæla upp, hnitsetja og ljósmynda þessar mannvirkjaleifar. Í tengslum við fyrirhugaða framkvæmd á svæðinu verður sandað yfir ferjubryggjuna þannig að hún skaðist ekki. Unnið hefur verið að þessu fyrirkomulagi í samráði við Minjastofnun Íslands.

Hvalfjarðarsveit, Hafrannsóknastofnun, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Minjastofnun Íslands, Samgöngustofa og Umhverfisstofnun telja að framkvæmdin þurfi ekki að gangast undir mat á umhverfisáhrifum.

## Skipulag og leyfisveitingar

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi og byggingaleyfi Hvalfjarðarsveitar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010, sbr. reglugerð um byggingarleyfi nr. 112/2012.

## Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Um er að ræða skjólgarð með viðlegu í Grundartangahöfn í Hvalfjarðarsveit. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar verði mjög staðbundin en varanleg á það lífríki sem fari undir mannvirki. Sérstaða lífríkisins og verndargildi þess er ekki



talið verulegt og telur Skipulagsstofnun að framkvæmdin muni ekki hafa verulega neikvæð áhrif á lífríki fjöru- og grunnsævis.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Faxaflóahafna við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhugaður skjólgarður með viðlegu sé ekki líklegur til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Sá töluliður í þessu máli sem helst reynir á í 2. viðauka er nr. 2 iv. og 3 v. þar sem framkvæmdin er á svæði þar sem umfangsmikill iðnaður er fyrir. Framkvæmdin er umfangslítill og áhrif hennar mjög staðbundin og sú starfsemi sem hún á að þjóna kemur ekki til með að auka álag á loftgæði sem er sá umhverfispáttur sem einkum hefur reynt á.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Faxaflóahafnir og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 24. október 2017.

Reykjavík, 19. september 2016.

Hólmfríður Bjarnadóttir

Sigurður Ásbjörnsson